

Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um veðurathuganir á Stórasandi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvenær hóf Vegagerðin veðurathuganir á Stórasandi með tilliti til vegagerðar um sandinn og hvaða upplýsingar liggja nú fyrir?

Tveimur litlum, sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum var komið fyrir á „Stórasandsleið“ seint í september 2004. Önnur stöðin er á Stórasandi skammt norðaustan af Bláfelli (norðan Langjökuls). Hin stöðin er upp af Gilhagadal í Skagafirði, sunnan við Háheiði. Fyrstu gögn frá henni komu um tveimur vikum síðar.

Mældir eru, og geymdir, nokkrir veðurfarsþættir, vindstefna og -styrkur, loftþiti og -raki. Úr þessu gagnasafni verður unnið þegar fyrir liggja upplýsingar yfir nógu langan tíma og gæði gagnanna reynast viðunandi.

Vegna bilana í annarri stöðinni síðastliðinn vetur hefur verið ákveðið að hafa þær uppi fram á næsta vor, að minnsta kosti.

Stefnt er að því að gera bráðabirgðaskýrslu um þau gögn sem þegar liggja fyrir nú á þessu ári og koma gögnum á frambærilegt form á því næsta.